

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

858. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 2. febrúar 2015 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, varamaður, Elín R. Líndal, aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Fundarritari:

Guðný Hrund Karlsdóttir

Dagskrá:

1. Uppsögn rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs
2. Skólaakstur á miðvikudögum
3. Húsaleigu og verksamningur um umsjón Félagsheimilisins Ásbyrgi
4. Ársskýrsla ípróttamiðstöðvar.

Varaformaður byggðarráðs setur fund og stýrir honum. Í upphafi fundar minntist varaformaður nýlátins formanns byggðarráðs Stefáns E. Böðvarssonar. Fundarmenn tóku undir orð varaformanns og senda aðstandendum hlýjar samúðarkveðjur.

Afgreiðslur:

1. Lögð fram uppsögn rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs dags. 29. desember sl. Byggðarráð þakkar Ólafi H. Stefánssyni fyrir vel unnin störf og felur sveitarstjóra að auglýsa stöðuna.
2. Sveitarstjóri leggur fram yfirlit frá skólastjóra um nýtingu á seinni ferð skólaaksturs á miðvikudögum. Byggðarráð felur skólastjóra að leita eftir samkomulagi til vors um fyrirkomulag seinni skólaaksturs á miðvikudögum eins og fyrirkomulagið var fyrir áramót.
3. Húsaleigu og verksamningur um umsjón Félagsheimilisins Ásbyrgi lagður fram til kynningar.
4. Ársskýrsla ípróttamiðstöðvarinnar lögð fram til kynningar.
5. Umsögn sambands íslenskra sveitarfélaga um tillögu að landsskipulagsstefnu. Byggðarráð felur sveitarstjóra að senda inn umsögn um landsskipulagsstefnuna. Samþykkt að taka á dagskrá.
6. Erindi frá stýrihóp ferðaþjónustunnar varðandi útgáfu og endurskoðun á bæklingi. Byggðarráð felur Unni Valborgu að vera tengiliður sveitarfélagsins við ferðamálafélagið. Samþykkt að taka á dagskrá.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:16

Elín Jóna Rósinberg

Elín R. Líndal

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Guðný Hrund Karlsdóttir